



Heildstæð skólaþjónusta

Frumvarp til laga um inngildandi menntun hefur verið lagt til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Frumvarpið er afrakstur umfangsmikillar vinnu og samráðs um heildstæða skólaþjónustu sem hófst haustið 2022.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og var þátttaka í samráðinu vonum framar. Yfir tvö þúsund tóku þátt í samráðinu, ungir sem aldnir úr skólasamfélaginu og utan þess, og ljóst að mörg láta þetta mikilvæga málefni sig varða.

Úr hugmynd er nú komin mynd á framtíðarskipan skólaþjónustu sem ætlað er að styðja sem best við börn, foreldra, kennara og starfsfólk skóla. Hægt er að lesa frumvarpið [hér í Samráðsgátt](#) og hvet ég ykkur til að taka þátt í áframhaldandi samráði og senda inn umsögn en frestur til þess er til 12. mars.

Ég vil þakka öllum þeim sem tóku þátt í vinnunni fyrir sitt framlag. Það var ómetanlegt og nýttist m.a. vel við að leysa úr helstu álitamálum. Við vonum að frumvarpið leggi grunn að aukinni farsæld barna og auknum stuðningi og árangri í skólastarfi.

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason,
mennta- og barnamálaráðherra